

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Kálfatjarnar, Sveitarfélaginu Vogum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. apríl 2013 óverulega breytingu á deiliskipulagi Kálfatjarnar á Vatnsleysuströnd. Breytingin felst í stækkun lóðar kirkjugarðs við Kálfatjörn. Norður- og austurmörk lóðar eru færð. Lóðin er stækkuð um 1.861 m². Núverandi lóð er 5.177 m² en verður eftir stækkun 7.038 m². Áfram gilda skilmálar skv. deiliskipulagi samþykktu 24. ágúst 2011. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 21. maí 2013.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2013